

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði
nr. 107 30. maí 1974.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lyf sem ekki falla undir skilgreiningu 2. og 3. gr. eru:

1. Lyf sem talin eru til 7. flokks: E₃, E₄, E₅, E₆ og E₇, 12. flokks og 48. flokks: C í ritinu „Lyf á Íslandi”.
2. Lyf sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrá, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra samkvæmt reglum 2. og 3. gr.
3. Lyf sem talin eru til 1. flokks: A, B, D, F, H og K—Q í ritinu „Lyf á Íslandi”.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum 8. maí 1974, og öðlast gildi 15. febrúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.